

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Starfsleyfisskilyrði fyrir líkamsgötun, þar með talið húðflúr

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Líkamsgötun á við allt það sem felur í sér að húð er rofin (götuð, skorin eða til að koma lit í húð) á hvaða líkamshluta sem er. Skilyrðin gilda fyrir rekstur allrar starfsemi þar sem líkamsgötun er framkvæmd utan heilbrigðisstofnana og læknastofa, s.s. húðflúr, húðgötun og nálarstungur auk annarra sambærilegra stofa.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.5 Sá sem stundar húðgötun skal hafa undirritað skuldbindingu hjá Landlæknisembættinu um að fara í einu og öllu að leiðbeiningum heilbrigðiseftirlits varðandi reksturinn.
- 1.6 Ekki má rjúfa húð á einstaklingi undir 18 ára aldri í þessum tilgangi nema með skriflegu leyfi forráðamanna. Viðskiptavinurinn skal framvísa skilríkjum ef vafi leikur á um aldur.
- 1.7 Bannað er að húðflúra eða húðgata viðskiptavin sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- 1.8 Leiðbeiningar til viðskiptavina varðandi meðhöndlun gataða húðsvæðisins skulu vera bæði munnlegar og skriflegar.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgð rekstraraðila er gagnvart viðskiptavininum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.
- 2.5 Starfsfólk og viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum. Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.
- 2.6 Fatahengi skal vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.
- 2.7 Fyrir hvern aðgerðarstól má ekki vera minna en 5 m² gólfrymi, að salernis- og starfsmannaaðstöðu undanskyldri.
- 2.8 Handlaug skal vera til staðar í meðferðarými. Við hana skal vera sápuögur, einnota handþurrkur og gerileyðir. Fullnægjandi búnaður þarf að vera fyrir hendi s.s. borð og vaskur, sem sérstaklega er ætlaður til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum.
- 2.9 Á húðflúr- og húðgötunarstofum skal vera útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda. Áhöld sem fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð, þökkuð og geymd á viðurkenndan hátt.

3. Hreinlæti

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífing daglega eða oftast eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjar hreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þríf séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Sóttvarnir

- 4.1 Starfsmenn skulu ástunda fullnægjandi handþvott.
- 4.2 Gæta skal ýtrasta hreinlætis og smitgátar við starfið. Starfsmaður skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Einnota hanskar skulu notaðir.
- 4.3 Aðgerðarborð skal þvo og sótthreinsa eftir hvern viðskiptavin áður en áhöld og efni fyrir næsta viðskiptavin eru sett fram.
- 4.4 Áhöld sem fara gegnum húð eða snerta opið sár skulu vera dauðhreinsuð. Nota skal einnota áhöld þegar kostur er.
- 4.5 Skýlt er að fara að leiðbeinandi reglum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar um hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda.
- 4.6 Sjúkdóma meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist starfsemi ber að tilkynna til heilbrigðisyfirvalda þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.

5. Upplýsingar

- 5.1 Viðskiptavinir og forráðamenn, skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um aðgerðina. Upplýsingarnar skulu innihalda fræðslu um atriði sem nauðsynleg eru til að taka meðvitaða ákvörðun fyrir aðgerðina. Upplýsa ber um hugsanlega fylgikvilla s.s. varanlega breytingu á húð, sýkingarhættu, ofnæmisviðbrögð, blæðingar og um eftirmeðferð á húðsvæðinu sem aðgerðinni var beitt á, einnig hvert beri að leita ef fylgikvillar koma upp.
- 5.2 Skýlt er að útskýra að af læknisfræðilegum ástæðum ættu sumir einstaklingar ekki að fá húðflúr eða göt á líkamann.

6. Samþykki viðskiptavinar

- 6.1 Sá sem stundar húðgötun skal afhenda viðskiptavini upplýsingablað frá Landlæknisembættinu. Viðskiptavinurinn skal kynna sér efni þess og samþykkja með undirskrift sinni. Ef einstaklingur er undir 18 ára aldri skal skriflegt leyfi forráðamanns fylgja með.

7. Val á skartgripum

- 7.1 Allir skartgripir sem settir eru í húð eiga að vera dauðhreinsaðir fyrir ísetningu.
- 7.2 Skartgripirnir mega ekki innihalda ofnæmisvaka s.s. nikkel og efnasambönd þess.

8. Umhverfismál

- 8.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið

- 8.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 8.3 Nálum, öðrum oddhvössum úrgangi og sóttmenguduðum úrgangi skal safnað í viðurkennd ílát fyrir spilliefni eða ílát fyrir sóttmengaðan úrgang og komið til móttökustöðva.
- 8.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 8.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 8.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 19/1997 um sóttvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 85.14.94 Húðflúrstofa og 85.14.9 Önnur heilbrigðisþjónusta